

# FRAMFARAFÉLAG FLATEYJAR

## LÖG FÉLAGSINS

### 1. gr. Nafn og félagsaðild

- 1.1 Félagið heitir Framfarafélag Flateyjar. Heimili þess og varnarþing er í Flatey á Breiðafirði.
- 1.2 Framfarafélag Flateyjar er félagsskapur eigenda eða forráðamanna húseigna eða lóða í Flatey á Breiðafirði. Félagar eru allir þeir sem eru eigendur eða forráðamenn húseigna og lóða í eyjunni og/eða fulltrúar þeirra ef svo ber undir, s.s. maki og skyldmenni í beinan legg eða makar skyldmenna.
- 1.3 Aukafélagar geta þeir orðið sem áhuga hafa á málefnum Flateyjar. Umsókn um aukafélagsaðild skal berast stjórn til samþykktar. Aukafélagar hafa rétt til fundarsetu og málfrelsi á fundum í félaginu en ekki atkvæðisrétt.

### 2. gr. Tilgangur og markmið

- 2.1 Tilgangur félagsins er m.a. að:
  - gæta hagsmuna félaga í hvívetna og vera sameiginlegur málsvari;
  - beita sér fyrir verndun gömlu húsanna í Flatey og heildarsvip byggðarinnar; og
  - hlúa að náttúru Flateyjar.
- 2.2 Félagið skal jafnframt beita sér fyrir:
  - alhliða endurbótum í eyjunni;
  - vinna með yfirvöldum að aðal- og deiliskipulagi;
  - standa fyrir árlegu hreinsunarátaki í fjörum og á landi;
  - bæta umgengni ferðamanna með því tryggja verndun náttúru eyjarinnar, meðal annars með kortlagningu gönguleiða, upplýsingaskiltum á áhugaverðum stöðum ásamt öðrum aðgerðum sem draga úr truflun og átroðningi.
  - viðhaldi gamalla minja s.s. grjótgarða og annarra mannvirkja í eyjunni; og
  - úrbótum og nýframkvæmdum í því skyni að bæta aðstöðu í Flatey. Í þessu skyni skal félagið eiga samstarf við viðkomandi yfirvöld hverju sinni svo og önnur félög sem starfa eða munu stofnuð um málefni Flateyjar og annarra þeirra sem þar eiga hagsmuna að gæta. Skal Framfarafélag Flateyjar styðja eftir fremsta megni við starfsemi slíkra félaga enda samrýmist slík starfsemi tilgangi félagsins að öðru leyti.

### 3. gr. Stjórn

- 3.1 Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi og hana skulu skipa 5 félagar að meðtöldum formanni, sem kosinn skal sérstaklega. Kjósa skal í stjórn og aðrar trúnaðarstöður innan félagsins árlega nema formann. Skal fyrsta kjörtímabil formanns vera tvö ár en eftir það er heimilt að kjósa sitjandi formann til eins árs í senn. Enginn skal sitja lengur en sex ár samfellt í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs á fyrsta fundi eftir aðalfund varaformann, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda ásamt því að setja sér starfsreglur. Stjórnin

# FRAMFARAFÉLAG FLATEYJAR

## LÖG FÉLAGSINS

ber ábyrgð á starfsemi félagsins og hefur umsjón með öllu starfi innan þess. Ef formaður forfallast tekur varaformaður við störfum hans.

- 3.3 Stjórn félagsins fer með málefni þess milli aðalfunda og heldur stjórnarfundum eftir þörfum. Halda skal stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna óskar þess og skal formaður þá annast boðun fundarinnar. Verði formaður ekki við slíkri ósk getur sá stjórnarmaður sem óskar eftir fundi annast slíka boðun sjálfur. Alla stjórnarmenn skal boða á stjórnarfundum. Á fundum stjórnar ræður afl atkvæða úrslitum. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna mætir til fundar.
- 3.4 Stjórn skal í störfum sínum fylgja samþykktari fjárhagsáætlun en komi til verulegra breytinga á henni skal stjórn upplýsa félagsmenn um það með nægum fyrirvara svo boða megi til félagsfundar í samræmi við gr. 5.2. komi fram ósk um það.

### 4. gr. Aðalfundur

- 4.1 Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur telst lögmætur ef réttilega er til hans boðað.
- 4.2 Aðalfundur félagsins skal halda árlega á tímabilinu frá janúar til mars. Stjórn félagsins boðar til aðalfundar. Boðun skal send með tölvupósti til allra félaga með a.m.k. 15 daga fyrirvara og bréflaga til þeirra félaga sem þess óska sérstaklega. Þá skal fundarboð birt á heimasíðu félagsins [www.flatey.com]. Dagskrár aðalfundar skal getið í fundarboði. Hafi borist tillaga að lagabreytingu skal tillagan fylgja í fundarboði og hennar getið þar.
- 4.3 Formaður stjórnar setur fundinn og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara úr röðum félagsmanna.
- 4.4 Á dagskrá aðalfunda eru m.a. eftirtalin atriði:
  - a. Skýrsla stjórnar um störf ársins.
  - b. Reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og samþykktar.
  - c. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjald fyrir næsta starfsár lögð fram til umræðu og samþykktar.
  - d. Tillögur til breytinga á lögum félagsins.
  - e. Kosning stjórnar og formanns skv. gr. 3.1.
  - f. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi annarra félaga.
  - g. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey sem óska eftir að gera grein fyrir starfi sínu.
  - h. Önnur mál.
- 4.5. Kosning stjórnar og formanns fer að jafnaði fram með handauppréttingu nema ósk komi fram um annað á fundinum. Fundarstjóri og fundarritari annast framkvæmd kosninga.
- 4.6 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi og öðrum fundum sem haldnir eru í félaginu. Eitt atkvæði fylgir hverri þinglýstri eign eða lóð. Sé fleiri en einn félagsmaður á bak við atkvæði skulu viðkomandi koma sér saman um atkvæði sitt innbyrðis við afgreiðslu mála og/eða fela einum félagsmanni umboð til að fara með atkvæðisréttinn á fundinum.

# FRAMFARAFÉLAG FLATEYJAR

## LÖG FÉLAGSINS

- 4.7 Reynist ekki unnt að ljúka aðalfundarstörfum eða einhverjar aðrar ástæður leiða til þess að boða þurfi til aukaaðalfundar annast stjórn slíkt með sama hætti og gildir um boðun aðalfunda.

### 5. gr. Félagsfundir og önnur störf

- 5.1 Auk aðalfunda heldur stjórn almenna félagsfundi eins og þörf krefur til umfjöllunar og/eða kynningar á störfum félagsins. Almennir félagsfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðalfundur, en fundarboð skal þó sent með minnst einnar viku fyrirvara.
- 5.2 Félagsmenn geta óskað eftir því að stjórn boði til almennra félagsfunda enda sé tilefni fundarins tilgreint í slíkri ósk. Verði stjórn ekki við slíkri ósk félagsmanns er honum heimilt, að fengnum skriflegum stuðningi a.m.k. 5 annarra atkvæða í félaginu, að boða til slíks fundar á eigin spýtur.
- 5.3 Haldi stjórn ekki aðalfund eftir þeim reglum sem fram koma í 4. gr. og innan þess frests sem þar er greindur, er hverjum félagsmanni heimilt, að fengnum skriflegum stuðningi a.m.k. 5 annarra atkvæða í félaginu, að boða til aðalfundar. Um dagskrá slíks fundar fer eftir ákvæðum 4. gr. að breyttu breytanda.

### 6. gr. Fjármál

- 6.1 Reikningsár félagsins er almannaksárið. Stjórn félagsins skal færa reikninga þess og hefur þá aðgengilega kjörnum skoðunarmönnum félagsins, sbr. e. lið gr. 4.4.
- 6.2 Stjórn félagsins heldur félagatal og innheimtir félagsgjöld samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Skal litið svo á að allir eigendur húsa eða lóða í Flatey svo og makar, skyldmenn í beinan legg og makar skyldmenna séu félagar nema annað reynist sannara s.s. að viðkomandi hafi sagt sig úr félaginu.
- 6.3 Félagsgjald skal innheimt einu sinni á ári innan mánaðar frá lokum aðalfundar skv. 4. gr. Fjárhæð þess fer eftir ákvörðun aðalfundar og innheimtist eitt félagsgjald af hverri þinglýstri eign eða lóð í Flatey nema eigandi/eigendur þess hafi sagt sig úr félaginu. Aukafélagar greiða hálf félagsgjald.
- 6.4 Vanefndir á félagsgjöldum sem vara lengur en í 10 mánuði frá innheimtu jafngilda úrsögn úr félaginu. Viðkomandi félagi/-ar geta orðið félagar á ný með greiðslu hins vangoldna félagsgjalds.

### 7. gr. Breytingar á lögum

- 7.1 Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur sem fram koma á aðalfundi og varða breytingar á áður auglýstum breytingatillögum skulu vera skriflegar. Breytt lög koma til framkvæmda strax að loknum aðalfundi.
- 7.2 Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn 2 mánuðum fyrir aðalfund.

# FRAMFARAFÉLAG FLATEYJAR

---

## LÖG FÉLAGSINS

### 8. gr. Slit félagsins

- 8.1 Samþykki 2/3 hluta félagsmanna þarf til að leggja félagið niður eða slíta því. Tillaga um það skal borin upp og kynnt á aðalfundi með sama hætti og tillaga að lagabreytingu skv. 7. gr. Sé aðalfundur ekki sóttur af a.m.k. 2/3 hlut félagsmanna verður tillaga um slit ekki borin upp.
- 8.2 Verði félagið lagt niður eða því slitið skulu eignir renna til uppgreiðslu á skuldbindingum félagsins ef einhverjar eru en að öðrum kosti renna þær til Flateyjarkirkju.

*Samþykkt á aðalfundi Framfarafélagsins 6. maí 2010*